



AUSTURLAND

DAGAR MYRKURS

30. október - 3. nóvember

DJÚPIVOGUR

Priðjudagur 29. október

16:00 Bókasafnið opnar. Drungalegur upplestur um 16:30, á bókasafninu.

Miðvikudagur 30. október

15:00 Draugavöflukaffi í Tryggvabúð.
16:00-17:00 Neisti – ljósastuð.
1.-4. bekkur í salnum.
17:00-18:00 Neisti – ljósasund.
5.-10. bekkur í sundlauginni.
19:30 Bíó á Teigarhorni. Sýnd verður hrollvekja af bestu gerð. Fólki er bent á að hafa með sér hlýjan fatnað, teppi og þægilega garðstóla. Aldurstakmark er 13 ár.

Í Leikskólanum Bjarkatúni verður tekið á móti börnum Kríudeildar úti og mega þau koma með vasaljós með sér. Morgunmaturinn borðaður úti í myrkrinu! Krummadeild verður lýst upp með lömpum og kósýheitum. Í matinn verður skuggakjöt með karrýsósu.

Fimmtudagur 31. október

Búningadagur bæjarins. Allir íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að vera í búningum í tilefni af Hrekkjavöku. 16:30-18:00 Hrekkjavökubúningaball á Helgafelli fyrir 1.-4. bekk. 18:00-19:30 Grikk eða gott. Foreldrafélag leikskólans hvetur íbúa til að taka þátt í Grikk eða gott. Við biðjum fólk að setja ljós/kerti/grasker fyrir utan hurðina hjá sér ef það vill taka á móti nornum, draugum og öðrum óvættum til að gefa þeim nammi í fótuna sína. Börnin verða á ferðinni milli 18:00 og 19:30. 19:00-21:00 Kertaljós og kósý í sundlauginni fyrir 18 ára og eldri Gréta Jónsdóttir býður sundlaugargestum uppá notalega hugleiðslustund. Hrekkjavaka í Hálsaskógi fyrir 7.-10. bekk. Ratleikur og draugasaga. Tímasetning auglýst síðar.

Í Leikskólanum Bjarkatúni verður búningadagur og haldið verður búningaball í salnum fyrir alla. Hressing verður borðuð úti – heitt kakó og samloka. Í matinn verður beinagrindafiskur frá Búlandstindi.

Föstudagur 1. nóvember

06:15-07:15 Draugaprek. Tekið verður á því í íþróttahúsinu við drungalega tónlist.
17:00 Faðirvorahlaupið. Mæting hjá skiltinu hjá Teigarhorni. Hlaupið verður frá Teigarhorni að Rjóðri, athugið að farið verður niður hjá Bræðslunni. Orkudrykkir frá Ölgerðinni fyrir alla keppendur að hlaupi loknu. Mælt er með því að keppendur hafi með sér höfuðljós.
18:30 Berglind Einarsdóttir syngur þjóðlög í Tankinum.
20:00 Myrkrar-Quis, Úlfur og dans fyrir 8.-10. bekk á Helgafelli. Dagur Björnsson sér um myrkrar-quis og spurningaleik. Frítt inn og foreldrafélag grunnskólans býður uppá gotteri.
20:00 Foreldrafélag leikskólans býður uppá notalega kvöldstund þar sem spiluð verður félagsvist í Löngubúð í góðra vina hópi.

Dimmt verður í leikskólanum og rafmagnið sparað. Glerkrukkur með kertum og lampar lýsa upp umhverfið! Allir fá endurskinsmerki. Á Kríudeild verður farið í Myrkrabingó. Í matinn verður kjúklingakássa Hlunks tröllastráks.

Alla daga myrkurs verður fjölbreytt hópastarf í Leikskólanum Bjarkatúni. Í Lubbastarfinu verður unnið með tvær sögur eftir Brian Pilkington sem eru um tröll, í listakrök verða málaðar glerkrukkur til að lýsa upp skammdegið, í hreyfingu eru Hrekkjavökuleikir, í Numicon gerir Kríudeild nornasúpu, krakarnir á Krummadeild gefa litlu trölli að borða tölustafi og í einingakubbum verður gert draugahús. Leikskólinn verður "hryllilega" skreyttur á Dögum myrkurs.

Í Djúpavogsskóla verður sitthvað skemmtilegt í gangi, myrkranganga, myrkrasögustund, unnið með tröll í Byrjendalæsi og ýmislegt fleira. Matseðillinn á Hótelinu verður í anda Daga myrkurs, boðið verður uppá: Þokufisk, Skála-Brandskjöttbollur, Vogamóra fisk og Drakúlakjöt í þokusósu.

Laugardagur 2. nóvember

11:00-14:00 Hrekkjavökubrunch Við Voginn.
17:00-23:00 Nemendafélag Seyðisfjarðar hefur boðið nemendum 5.-7. bekkjar á Myrkraball á Seyðisfjörð. Foreldrafélag Djúpavogsskóla greiðir fyrir börnin (rútu, pítsu og ball)
18:30 Sviðaveisla verður í Hlöðunni á Bragðavöllum. Nóg af sviðum, sviðalöppum, meðlæti og drykkjum af ýmsum gerðum til að skola sviðunum niður. Leynigestir mæta á svæðið og fylla hug gesta með ýmsum fróðleik. Takmarkað sætaframboð og er fólk hvatt til að bóka tímanlega. Hægt er að senda bókanir á netfangið info@bragðavellir.is, senda skilaboð á Facebook eða í síma 848-5552 og 866-1730. Ef bókað er í tölvupósti þarf að koma fram nafn þess sem bókar og fjöldi gesta sem viðkomandi bókar fyrir. Miðaverð: 3.900 kr.
23:00 DJ Ragnar Láki þeytir skífum í Við Voginn eftir sviðamessu.

Sunnudagur 3. nóvember

15:00-17:00 Hugleiðsla og kakó frá Guatemala, í Tryggvabúð. María Viktoría ætlar að kynna okkur fyrir kakói frá Guatemala, sem er óunnið og inniheldur öll upprunalegu næringarefnin sem stuðla að slökun og vellíðan. María flytur tónlist, þátttakendur syngja saman, hugleiða og taka þátt í tónheilun í lokin.
20:00-21:00 Félagar í félagi eldri borgara lesa rökkursögur í Tryggvabúð, léttar veitingar.

30. október – 3. nóvember

Við Voginn verður með Hrollvekjuþema í kökuborðinu alla dagana. Alls konar skelflegt í boði.

Hótel Framtíð býður uppá hryllilega spennandi smáréttaseðil.

Á Hótel Framtíð sýnir Hversdagsleikhúsið leikritið Hótelíð. Sýningin fer fram í anddyri hótelsins og er það sýnt allan sólarhringinn.

Starfsmaður Austurbrúar sem heldur utan um Daga myrkurs: Halldóra Dröfn // dora@austurbru.is // 470-3871

